

## NEFND UM EFTIRLIT MEÐ LÖGREGLU

Borgartún 29, 105 Reykjavík

Sími: 545 8800. Bréfasími: 545 8051

Netfang: [nel@nel.is](mailto:nel@nel.is)

Tilv.: 23040003

### Ákvörðun nr. 48/2023

Þann 3. október 2023 kom nefnd um eftirlit með lögreglu saman til fundar og tók eftirfarandi ákvörðun nr. 48/2023.

#### Málsatvik

Nefnd um eftirlit með lögreglu barst erindi frá [REDACTED] dags. 22. febrúar 2023. Í erindinu er komið á framfæri við nefndina ábendingum um meinta spillingu og misneytingu á valdi innan lögreglunnar. Jafnframt er óskað eftir að nefndin rannsaki málið og upplýsi kvartanda í kjölfarið um það hvort grunur hans sé á rökum reistur.

#### Forsendur nefndarinnar

##### 1.

Nefnd um eftirlit með lögreglu starfar á grundvelli VII. kafla lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. breytingar á þeim með lögum nr. 62/2016. Helstu verkefni nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 35. gr. a í nefndum lögum, eru að taka við kærur á hendur starfsmanni lögreglu fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd starfa hans annars vegar og taka við kvörtunum vegna starfsaðferða lögreglu eða framkomu starfsmanns lögreglu sem fer með lögregluvald hins vegar. Undir hið síðarnefnda falla kvartanir vegna háttsemi eða starfsaðferða sem ekki verða taldar refsiverðar en gætu meðal annars leitt til þess að lögreglumaður yrði áminntur í starfi eða æskilegar breytingar gerðar á starfsháttum og verklagi. Nefndin skal, sbr. 2. mgr. 35. gr. a, greina hvað felst í erindum sem henni berast og koma þeim til meðferðar hjá viðkomandi embætti.

Með vísan til framangreinds fellur það almennt ekki undir valdsvið nefndar um eftirlit með lögreglu að endurskoða eða fjalla um almennt mat lögreglu á beitingu úrræða á grundvelli lögreglulaga eða almennt um framkvæmd rannsóknar sakamála, beitingu rannsóknarúrræða eða um ákvarðanir handhafa ákærvalds um það hvort rétt sé að gefa út ákæru í máli. Hlutverk nefndarinnar er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort um sé að ræða ámælisverðar starfsaðferðir eða framkomu lögreglumanna við framkvæmd slíkra verkefna. Í því felst nánar tiltekið (og til dæmis) að taka afstöðu til þess hvort kvartað sé yfir því að háttsemi þeirra starfsmanna lögreglu sem að máli komu hafi ekki verið í samræmi við eðlilega starfshætti eða lög eða hvort starfsaðferðir hafi að öðru leyti farið út fyrir það sem eðlilegt var í því tilviki.

2.

Undir valdsvið nefndarinnar fellur hvernig tilteknir þættir lögreglustarfsins eru framkvæmdir eða ef lögregla lætur hjá líða að sinna lögmætu hlutverki sínu, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1996, þ.e. að gæta almannöryggis og halda uppi lögum og reglu, að leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins, vinna að uppljóstrun brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála.

3.

Erindi [REDACTED] lítur að því að nefndin hefji opinbera rannsókn á meintri spillingu innan lögreglunnar svo sem nánar er útlistað í erindi [REDACTED]. Líta verður svo á að erindi [REDACTED] lúti að atriðum sem ekki falla undir valdsvið nefndarinnar sbr. 1. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga nr. 90/1996 enda fer nefndin ekki með rannsókn sakamála.

Samkvæmt framangreindu og með vísan til VII. kafla lögreglulaga og hlutverki nefndarinnar er erindinu vísað frá nefndinni.

**Niðurstaða**

Erindi [REDACTED] er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 3. október 2023

Skúli Þór Gunnsteinsson  
formaður

Grímur Sigurðarson

Þorbjörg I. Jónsdóttir